

## Kynning á 100 verkefnum á dagskrá 100 ára afmælis fullveldis Íslands

Kallað var eftir frumkvæði og virkri þátttöku landsmanna við mótun dagskrár afmælisársins. Afmælisnefnd bárust 169 tillögur og valin hafa verið eftirtalin verkefni á dagskrá afmælisársins, úr innsendum tillögum.

---

### **3 millj. kr. styrkvilyrði hljóta þrjú verkefni**

#### ***Umsækjandi: Þjóðminjasafn Íslands***

##### **Hátíðarsýningar í Þjóðminjasafni Íslands 2018**

Fullveldisafmælinu er fagnað í Þjóðminjasafni Íslands með sýningum um Kirkjur Íslands. Sýningarnar byggja á safngripum, munum og myndum úr safneign Þjóðminjasafns Íslands. Af tilefni fullveldisafmælisins stendur til að efna til samstarfs við stofnanir hérlendis og erlendis um að fá gripni að láni yfir sýningartímann. Annars vegar er um að ræða tvö söfn í Danmörku: Þjóðminjasafn Danmerkur (Nationalmuseet) og National Historiske Museum, Fredriksberg Slot. Hins vegar úr kirkjum landsins og sem fjallað er um í ritröðinni Kirkjur Íslands.

#### ***Umsækjandi: Íslenska óperan***

##### **Óperan Bræður eftir Daníel Bjarnason**

Íslenska óperan setur upp óperuna Bræður eftir Daníel Bjarnason í samstarfi við dönsku þjóðaróperuna. Óperan var einn aðalviðburður í hátíðahöldum Árósa sem menningarborgar Evrópu 2017. Óperan Bræður verður frumflutt á Listahátíð í Reykjavík, einsöngvarar verða að stærstum hluta til Íslendingar auk þess sem Óperukór íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveit Íslands taka þátt í uppfærslunni.

#### ***Umsækjandi: Sagafilm***

##### **Fullveldisöldin – sjónvarpsþættir**

Sagafilm hyggst framleiða 10x10 mínútna þætti um merka atburði á fullveldisöldinni. Þættirnir verða þemaskiptir og markmiðið er að vekja athygli á stórum og stefnumarkandi stundum á þessari öld sem liðin er og einblína á konur og karla sem unnu að framþróun samfélagsmála, stjórnmála, menningar og lista frá því að Ísland varð fullvalda. Einnig verða aðdraganda fullveldis gerð skil sem og sjálfstæðisbaráttunni. Þættirnir verða sýndir í ríkissjónvarpinu seinni part ársins.

## **2 millj. kr. styrkvilyrði hljóta sex verkefni**

### ***Umsækjandi: Listasafn Reykjavíkur***

#### **Þar ríkir fegurðin ein?**

Listasafn Reykjavíkur efnir til sýningar þar sem sjónum er beint að verðmætamati Íslendinga þegar litið er til lands og náttúru. Ósnortin víðerni hafa verið Íslendingum allt frá huglægu tákni um frelsi til efnislegrar auðlindar. Á sýningunni verða verk íslenskra listamanna allt frá upphafi 20. aldar til nýrra verka eftir listamenn samtímans. Þannig gefst tækifæri til að skoða þær breytingar sem orðið hafa á afstöðu Íslendinga til landsins og auðlinda þess allt frá upphafi fullveldis landsins. Verkin á sýningunni endurspeglar þessar ólíku hugmyndir eins og þær birtast í túlkun listamanna á hverjum tíma.

### ***Umsækjandi: Snorrastofa Reykholti***

#### **Fullveldisöldin í fjarska og nánd 1918–2018. Snorri og sjálfstæðisbaráttan**

Snorrastofa setur upp þemasýningu sem tengist fornum bókmenntum og fullveldinu. Sýningin verður tengd grunnsýningu Snorrastofu og mun ramma inn málþing sem verður á haustdögum og fjallar um fornar bókmenntir og fullveldið. Er þetta hluti af stærra verkefni sem Snorrastofa stendur fyrir. Verkefnið er unnið í samstarfi við íbúa í Borgarfirði og hollvinasamtök Snorrastofu í Noregi.

### ***Umsækjandi: Sinfóníuhljómsveit Íslands***

#### **Edda II – Líf guðanna eftir Jón Leifs – frumflutningur**

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytur eitt af stórvirkjum í íslenskri tónlistarsögu, óratoríuna Eddu eftir Jóna Leifs við texta úr Eddukvæðum. Verkið spannar þrjár óratoríur sem lýsa sköpun heimsins, guðunum og ragnarökum. Einsöngvarar eru Hanna Dóra Sturludóttir, Elmar Gilbertsson og Kristinn Sigmundsson ásamt Schola cantorum.

### ***Umsækjandi: Listahátíð í Reykjavík***

#### **EDDA eftir Robert Wilson á Listahátíð í Reykjavík**

Verkefnið er samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Det Norske Teatret. Verkið byggir á Eddukvæðum og í því birtast norrænu guðirnir eins og við höfum aldrei séð þá áður. Öllum meðulum leikhússins er beitt af kunnáttu og listfengi; leik, söng, tónlist og ekki síst búningum, leikmynd og lýsingu. Uppsetningin fékk norsku sviðlista-verðlaunin sem leikhúsviðburður ársins árið 2017.

***Umsækjandi: Barnamenningarhátíð, Harpa Rut Hilmarsdóttir***

**Rímur og rapp; lög unga fólksins í 100 ár**

Barnamenningarhátíð stendur fyrir verkefni meðal 5. bekkjar á höfuðborgarsvæðinu þar sem börnunum verða kynntir straumar og stefnur í skáldskap 1918–2018. Listamenn vinna með krökkunum að því að semja rapplag sem fjallar um Ísland og leiðina til fullveldis. Barnamenningarhátíð er í samstarfi við Krakka-RÚV og verður loka-viðburður verkefnisins í beinni útsendingu frá Eldborg í Hörpu.

***Umsækjandi: Ice hot Reykjavík, Ása Richardsdóttir***

**Ísheit Reykjavík**

Ísheit Reykjavík er norrænn danstvíæringur sem haldinn verður í Reykjavík í desember og er þetta stærsti viðburður á Norðurlöndunum í nútímadansi. Opnunarviðburður hátíðarinnar tengist með táknrænum hætti fullveldishugtakinu og þeim tímamótum sem við stöndum á. Danstvíæringurinn er samstarfsverkefni allra Norðurlandanna.

---

***1,5 millj. kr. styrkvilyrði hjóta átta verkefni***

***Umsækjandi: Austurbrú***

**Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?**

Austfirskt fullveldi er sameiginlegt verkefni safna, menningarstofnana og skóla á Austurlandi þar sem velt verður upp hvað fullveldi og sjálfbærni eigi sameiginlegt. Þarf samfélag að vera sjálfbært til að vera fullvalda og/eða öfugt? Hvernig var Austurland árið 1918, hvernig er það í dag og hvernig verður það eftir 100 ár? Niðurstöðum verður miðlað á söfnum, menningarstofnunum og gagnvirku efni í landshlutanum í samstarfi við samstarfsaðila verkefnisins.

***Umsækjandi: Michael Jón Clarke***

**Fullveldiskantata**

Fullveldiskantatan „Land míns föður“ er samstarfsverkefni Kammerkórsins Hymnodiu og Michaels Jóns Clarkes og dr. Sigurðar Ingólfssonar. Hljóðfæraleikarar búsettir á Norðurlandi auk ungmennakóra og hljómsveitar taka þátt í frumflutningi á verkinu. Kantatan mun fjalla um fullveldið og tímamót fram að lýðveldisstofnun.

***Umsækjandi: N4, María Björk Ingvadóttir***

**Framtíð í ljósi fortíðar**

Sjónvarpsstöðin N4 hyggst gera sjónvarpsþáttaröð þar sem varpað er ljósi á framtíðarsýn Íslendinga og henni fléttað saman við 100 ára sögu fullveldis. Þættirnir verða unnir í samvinnu við fjölmarga aðila, þ. á m. byggðasöfn og íbúa landsins. Þættirnir verða sýndir á N4 á haustdögum.

***Umsækjandi: Digital horse ehf., Árni Gunnarsson***

**Menning, tunga og tímagöng til 1918**

Verkefnið er farandsýning fyrir börn (og fullorðna) og verður í boði fyrir aldurshópin frá 8. bekk grunnskóla til fyrstaársnema framhaldsskóla um land allt. Sýningin er sett upp sem göng þar sem áhorfandi gengur inn í rými og á leiðinni gegnum rýmið sér áhorfandinn hvernig það var að vera til árið 1918, m.a. með sýndarveruleika-gleraugum.

***Umsækjandi: Stykkishólmsbær***

**Viðburðir á vegum Stykkishólmsbæjar í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands**

Stykkishólmsbær og stofnanir bæjarfélagsins standa fyrir ýmsum viðburðum á afmælisárinu. Tónlistarskólinn leggur áherslu á að kynna og flytja íslenska tónlist og ættjarðarlög ásamt því að nemendur semja lög með tímamótin í huga. Veitt verða verðlaun. Þjóðbúningahátíðin Skotthúfan verður haldin á vegum Norska hússins. Opnuð verður sýning í Amtsbókasafninu á verkefnum nemenda þar sem fjallað verður um hvernig var að alast upp 1918 samanborið við 2018. Grunnskólinn mun efna til ritgerðasamkeppni og Ljósmyndasafn Stykkishólms sýnir ljósmyndir tengdar 1918. Leikskólinn mun vinna verkefni tengd íslenska fánanum og halda sýningu. Fullveldisdagurinn 1. desember verður hápunktur hátíðahaldanna. Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla mun opna sýningu um tengsl Jóns Sigurðssonar við ýmsa framfaramenn búsetta í Stykkishólmi á 19. öld.

***Umsækjandi: Menningarhúsin í Kópavogi***

**Fullveldisafmælið í menningarhúsunum í Kópavogi**

Megináhersla menningarhúsanna í Kópavogi er lögð á þverfaglegt samstarf Bókasafns Kópavogs, Gerðarsafns, Héraðsskjalasafns Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Salarins í fjölbreyttum verkefnum sem helguð verða börnum í grunnskólum bæjarins, fjölskyldufólki og nýjum þjóðfélagshópum m.a. í samvinnu við Rauða krossinn. Um er að ræða skipulagða viðburði innan tveggja dagskrárraða, Menning á miðvikudögum og Fjölskyldustundir, sem skipulagðar eru meðal menningarhúsanna og fara fram vikulega yfir vetrarmánuðina. Til viðbótar verða sérsniðnir dagskrárviðburðir með áherslu á aldarspegil menningar, barnabókmennta, menningararfsins og fagurbókmennta, auk þess sem efnt verður til málþings um fullveldishugtakið og þýðingu þess í þáttíð og nútíð.

***Umsækjandi: Dönskudeild við Háskóla Íslands/Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum***

**Fyrirlestraröðin Á mótum danskrar og íslenskrar menningar**

Efnt verður til fyrirlestraraðar þar sem fjallað verður um efni sem borið hefur hátt í samskiptasögu landanna á síðustu öld. Alls verða átta viðburðir með fyrirlestrahaldi og í hvert sinn mun þar fræðimanna, danskur fræðimaður og íslenskur, fjalla um efnið út frá dönskum og íslenskum veruleika. Í tengslum við fyrirlestrana verður leitast við að fjalla um efnið á fjölbreyttan hátt, t.d. með sýningu kvikmynda og sjónvarpsmynda, söng og tónlist.

***Umsækjandi: Vísindafélag Íslendinga***

**Frá fullveldi til framtíðar: Aðkoma vísindanna að samfélagslegum áskorunum**

Vísindafélag Íslands verður með fyrirlestrarröð þar sem fjallað verður um aðkomu vísindanna að samfélagslegum áskorunum í fortíð nútíð og framtíð, þar sem þrjú viðburðir yrðu tengdir hverju tímabili. Einn viðburður í hverjum hluta dagskrárinnar yrði haldinn úti á landi, á Höfn í Hornafirði, á Vestfjörðum og á Akureyri, í samvinnu við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum og á Hornafirði auk Háskólans á Akureyri. Hinir tveir viðburðirnir yrðu á höfuðborgarsvæðinu. 1. hluti: Vísindi á fyrstu öld fullveldis. 2. hluti: Samfélagslegar áskoranir nútímans og vísindalega nálgun í úrlausn þeirra. 3. hluti: Annað árhundrað fullveldis, fyrirlestraröð og afmælisþing um áskoranir framtíðar. – Hvert er hlutverk Íslands? Dagskrá afmælisársins myndi loks ljúka með þremur fræðslu- og umræðufundum auk veglegs málþings sem haldið yrði 1. desember 2018. Þingið yrði jafnframt afmælishátíð félagsins, en félagið fagnar 100 ára afmæli þann dag.

---

**1 millj. kr. styrkvilyrði hljóta 11 verkefni**

***Umsækjandi: Verksmiðjan á Hjalteyri***

**Verksmiðjan á Hjalteyri**

Verksmiðjan á Hjalteyri stendur fyrir metnaðarfullu sýningarhaldi árið 2018 með sterkum alþjóðlegum áherslum og samstarfi þar sem viðfangsefnið er m.a. atvinnuþróun. Stórfelldar samfélagsbreytingar á Íslandi og víðar síðustu hundrað árin munu hafa vægi, síbreytileikinn verður til athugunar sem og náttúran og umhverfið á öld mannsins.

***Umsækjandi: Textílsetur Íslands ses.***

**Prjónagleði – 100 ára fullveldi Íslands**

Prjónagleði samanstendur af fjórum þáttum, í fyrsta lagi samstarfi við skóla í Húnavatnssýslum þar sem velt verður upp mikilvægi fullveldis og prjónaskapar fyrir Íslendinga. Prjónasamkeppi verður þar sem markmiðið er að draga fram samlíkingu milli fortíðar og nútíðar í sögu lands og þjóðar með tilvísun í fullveldi Íslands. Samstarf verður við háskólann í Concordia í Kanada en nemendum frá þeim sem dvelja í Textílsetrinu verður boðin þátttaka í verkefninu. Lokapunkturinn verður sýning á verkefnum nemenda og annarra þátttakenda á Prjónagleði 2018.

### ***Umsækjandi: Sinfóníuhljómsveit unga fólksins***

#### **Þrymskviða eftir Jón Ásgeirsson**

Sinfóníuhljómsveit unga fólksins mun flytja tónleikauppfærslu af óperunni Þrymskviðu eftir Jón Ásgeirsson í Hörpu. Hljómsveitarstjóri er Gunnsteinn Ólafsson og leikstjóri er Bjarni Thor Kristinsson. Þátttakendur verða 120 ungir tónlistarmenn, átta einsöngvarar, 60 manna háskólakór og rúmlega 50 manna sinfóníuhljómsveit unga fólksins.

### ***Umsækjandi: Eydís Franzdóttir***

#### **Ísland og Tékkland sjálfstæð og fullvalda í 100 ár**

Verkefnið er samstarfsverkefni íslenskra og tékkneskra tónlistarhópa til að fagna 100 ára sjálfstæði beggja ríkjanna, Íslands og Tékklands, á árinu 2018. Haldnir verða tónleikar með tónlist beggja landa frá ýmsum tímum, ný tónlist, klassísk tónlist, barokk og þjóðlagatónlist. Áætlað er að hátíðin fari fram í Hörpu í Reykjavík, Hofi á Akureyri og tónlistarhöllinni Rudolfinum í Prag. Verkefnið er samstarfsverkefni ólíkra tónlistarhópa frá tveimur löndum sem bæði fagna 100 ára fullveldi 2018.

### ***Umsækjandi: Vitafélagið, íslensk strandmenning***

#### **Norræn strandmenningarhátíð á Siglufirði 2018**

Hátíðin er haldin í tilefni af 100 ára afmæli Siglufjarðarkaupstaðar, 200 ára verslunarsögu og aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Markmið hátíðarinnar er að vekja athygli á strandmenningu þjóðarinnar sem einum merkasta hornsteini í menningararfi hennar og sögu. Þetta er gert með því að gefa sérfræðingum og almenningi tækifæri á að hittast, læra, miðla og skapa tengsl. Markmiðið er einnig að styðja strandmenninguna og kynna hana fyrir almenningi.

### ***Umsækjandi: Íslandsdeild IBBY***

#### **Sögur – verðlaunahátíð barnanna**

Sögur – verðlaunahátíð verður lokapunkturinn á stóru samstarfsverkefni RÚV, bókasafna, grunnskóla, IBBY, barnabókarithöfunda, Borgarleikhússins og Þjóðleikhússins og annarra sem láta sig barnabækur og barnamenningu varða. Markmið verkefnisins er að auka áhuga á íslenskum barnabókum og barnamenningu og gera hana sýnilegri með því að færa hana fram í sviðsljósið með glæsilegri verðlaunahátíð sem verður í beinni útsendingu frá Hörpu. IBBY á Íslandi er félag rekið í sjálfbærni og er aðalmarkmið þess að efla læsi, barnabókmenntir og barnamenningu á Íslandi.

### ***Umsækjandi: Reykjavíkúakademían***

#### **Fullveldismaræðun Reykjavíkúakademíunnar**

Fyrirlestarmaræðun um fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð. Inntak þess er að fræðimenn á margvíslegum sviðum fjalli á stuttan og alþýðlegan hátt um fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð í tíu klukkutíma samfleytt, hver í sjö mínútur. Hlustendur koma og fara eins og þá lystir. Maræðunastaður verður í stóru tjaldi á miðlægum stað þar sem íbúar höfuðborgarsvæðisins og gestir eru vanir að koma saman til skemmtunar og hátíðabrigða.

### ***Umsækjandi: Háskóli Íslands***

#### **Ráðstefna um gildi menntunar fyrir íslenskt samfélag og atvinnulíf í fortíð og framtíð**

Vorið 2018 verður haldin við Háskóla Íslands stór alþjóðleg ráðstefna um hlutverk menntunar og rannsókna í íslensku samfélagi og atvinnulífi í fortíð og framtíð. Ráðstefnan verður opin almenningi og verður henni streymt í beinni útsendingu á vef háskólans. Í kjölfar ráðstefnunnar verða erindin gefin út í bókarformi. Til ráðstefnunnar verður boðið helstu sérfræðingum Íslands um viðfangsefnið, auk þess sem gert er ráð fyrir að 1–2 erlendir sérfræðingar um framtíð þekkingarsamfélaga flytji framsöguerindi. Meginmarkmiðið með ráðstefnunni er að varpa ljósi á það hvernig menntun og rannsóknir hafa áhrif á þróun samfélaga á öllum sviðum í sögu og samtíð. Lögð verður áhersla á að greina hvernig unnt er að beita menntakerfi og vísindastarfi til að búa í haginn fyrir áframhaldandi efnahagslega velsæld og farsælt samfélag og styrkja þar með fullvalda lýðræðisríki á Íslandi á 21. öld.

### ***Umsækjandi: Minjastofnun Íslands***

#### **Siglt á mið sögunnar**

Verkefnið er hugsað til að minnst fullveldis Íslands og þess hlutverks sem Reykjavíkurhöfn lék í því að efla sjálfstæði landsins. Grundvöllur fullvalda ríkis er sjálfstæð samskipti við aðrar þjóðir. Markmið verkefnisins er að auka skilning almennings, barna og fullorðinna, á menningarlandslagi hafnarsvæðisins og setja það í samhengi við sögu Íslands og þróun Reykjavíkur, hafnarsvæðisins og íslensks samfélags á 20. öld. Gert verður app sem verður aðgengilegt almenningi honum að kostnaðarlausu. Tveir valkostir verða í appinu, annars vegar gönguleið og hins vegar fjársjóðsleit með það að markmiði að kynna söguna og menningarlandslags hafnarinnar.

### ***Umsækjandi: Hönnunarmiðstöð Íslands***

#### **Fullvalda íslensk hönnun í Kaupmannahöfn**

Hönnunarmiðstöð Íslands hyggst standa fyrir kynningarverkefni á sviði hönnunar í Kaupmannahöfn á fullveldis-árinu í samstarfi við sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn, Íslandsstofu og samstarfsaðila í Kaupmannahöfn. Áhersla verður lögð á að ná til fagfólks jafnt sem almennings og vinna verkefnið í nánú samstarfi við danska kollega.

### ***Umsækjandi: Nýlistasafnið***

#### **Nýlistasafnið 40 ára**

Afmælissýning Nýlistasafnsins mun varpa ljósi á lykilverk og viðburði fjögurra áratuga starfsemi um leið og búin verður til tenging milli fortíðar safnsins og framtíðar þess, m.a. með þátttöku listamanna og almennings. Á sýningunni verða verk úr safneign sett í samhengi við ný verk yngri kynslóðar listamanna á nýstárlegan hátt. Sýningin mun opna með gjörningi sem unnin verður úr stofnfundi safnsins og ljúka með málþingi þar sem lista- og fræðimönnum verður boðið að koma og ræða hlutverk samtímalistasafna í dag.

## **900 þús. kr. styrkvilyrði hljóta þrjú verkefni**

### ***Umsækjandi: Listasafn Árnesinga***

#### **Myndlistarsýning á verkum Halldórs Einarssonar og nokkurra verka núlifandi myndlistarmanna**

Verkefnið er myndlistarsýning á verkum Halldórs Einarssonar (1893–1977) sem nam myndskurð hjá Stefáni Eiríkssyni 1916–1920 (m.a. fullveldisárið 1918). Verk Halldórs skipa stóran hluta af safnkosti Listasafns Árnesinga en hann gaf safninu æviverk sitt ásamt álitlegri fjárupphæð sem varð til þess að ráðist var í byggingu safnahúss árið 1970. Á sýningunni verður fortíðin og nútíðin látin kallast á því að inn á sýninguna verða einnig valin listaverk eftir 3–5 núlifandi myndlistarmenn sem á einn eða annan hátt vísa í verk Halldórs.

### ***Umsækjandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar***

#### **Samtal – vinnuheiti**

Sumarsýning Listasafns Svavars Guðnasonar verður samtal milli Svavars Guðnasonar og Áslaugar Írisar Katrínar Friðjónsdóttur. Listamennirnir eiga það sameiginlegt að vinna með óhlutbundna abstrakt list en þó hvor á sinni öldinni. Það hefur verið sagt um list Svavars að það sem einkenni myndir hans sé að allur myndflöturinn sé lifandi hvert sem augað leitar. Hjá Áslaugu Írisi lifna við fletir sem áður höfðu enga merkingu í augum fólks, t.d. steypubrot, línoleumdúkur og filtteppi. Verkin ferðast um flötinn og jafnvel út í rýmið í formi hluta og verka. Salurinn breytist í flöt þar sem verk þeirra mynda lifandi samtal sem ferðast um rýmið.

### ***Umsækjandi: Skagfirski kammerkórinn***

#### **Í takt við tímann**

Skagfirski kammerkórinn ræðst í stórverkefni í tilefni afmælisársins en það er verkið Magnificat eftir breska tónskáldið John Rutter. Það má segja að það sýni þróunina í verkefnavali almennra kóra á 100 árum og hvað Íslendingar eru að fást við í dag, á 100 ára afmæli fullveldisins. Hinn hluti tónleikanna er helgaður íslenska einsöngslaginu en það hefur lifað með þjóðinni í 100 ár. Í þeim hluta er ætlunin að gera íslenska einsöngslaginu hærra undir höfði með nýjum hljómsveitarútsetningum. Valin verða einsöngslög ólíkra höfunda með áherslu á skagfirski arfinn. Haldnir verða þrennir tónleikar í þrem landshlutum.

---

## **800 þús. kr. styrkvilyrði hljóta fimm verkefni**

### ***Umsækjandi: Akureyrarbær – Akureyrarstofa***

#### **Á kafi í fullveldi! Fullveldisvorhátíð í Sundlaug Akureyrar**

Hugmyndin með verkefninu er að setja hugtakið fullveldi og hugmyndina um fullvalda lýðveldi í ýmiss konar búning sem hentar öllum aldri og setja saman dagskrá sem er á sama tíma fræðandi, spennandi og skemmtileg, að fjalla um og nálgast fullveldishugtakið á víðum grunni með það að markmiði að það kveiki áhuga hjá öllum aldurshópum og að þátttakan verði almenn. Vettvangurinn er Sundlaug Akureyrar sem er afar fjölsóttur samkomustaður og eru gestirnir bæði íbúar og ferðamenn. Markmiðið með að nýta Sundlaug Akureyrar sem viðburðastað er að ná til þátttakenda sem ekki myndu endilega mæta á venjulegt málþing um efnið. Rými sundlaugarinnar sem eru fjölmörg og mismunandi verða notuð til viðburðahalds en jafnframt verður þess gætt að þeir geti líka notið sem ekki vilja fara í sund.



### ***Umsækjandi: Listasafnið á Akureyri***

#### **Fullveldið í dag**

Setja á upp sýningu á verkum 10 ólíkra myndlistarmanna sem gerð eru sérstaklega í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands árið 2018. Sýningin er útisýning sett upp á stöndum á völdum stöðum sem mynda gönguleið frá gömlu höfninni í miðbæ Akureyrar (Torfunefsbyggju) að menningarhúsinu Hofi, í gegnum miðbæinn, upp Listagilið hjá Listasafninu, upp að Sundlaug Akureyrar og að verkinu Landnemum eftir Jónas S. Jakobsson af Þórunni hynnu og Helga magra landnámsmönnum sem stendur á Hamarkotsklöppum. Markmiðið er að skapa nýja sýn á stöðu fullveldis Íslands í dag, á 100 ára afmæli þess, séð með augum ólíkra myndlistarmanna, gera sýningu sem fær almenning til að velta fyrir sér ólíkum sjónarhornum á fullveldið í dag og skoða hugmyndir og útfærslur. Textar um sýninguna verða á íslensku og ensku og aðgengilegir hjá hverju verki í almenningsrými en einnig á netinu.

### ***Umsækjandi: Guðmundur Ragnarsson f.h. áhugahóps um sögu Dana á Sauðárkróki í upphafi 20. aldar***

#### **Danirnir á Króknum – Um þátttöku Dana í bæjarlífi Sauðárkróks í upphafi 20. aldar**

Fyrirhugað er að fagna 100 ára fullveldi Íslands með því að setja upp sýningu í tali og tónum þann 1. desember 2018. Sýningunni er ætlað að gera sögu Dana á Sauðárkróki í lok 19. aldar og upphafi þeirrar 20. nokkur skil með jákvæðum og skemmtilegum hætti. Gert er ráð fyrir tveimur sýningum á Sauðárkróki. Sýningin samanstendur af lestri texta um Danina okkar og veru þeirra hér og á milli upplesinna texta og leikinna atriða verður flutt dönsk og íslensk tónlist þar sem leitast er við að fanga tíðarandann í upphafi 20. aldarinnar. Um er að ræða samstarfsverkefni þar sem koma saman nokkur félagasamtök og stofnanir í Skagafirði og standa að viðburðinum.

### ***Umsækjandi: Leikhúlistakonur 50+***

#### **Fjallkonuskaup**

Í nýju leikverki ætla leikhúlistakonur 50+ að fjalla um fjallkonuna og hvaðan hugmyndin um hana er upprunnin. Þær spyrja ýmissa spurninga, s.s.: Hvaða tilgangi þjónar hún? Af hverju er hún svona klædd? Er tilgangurinn sá sami í dag og hann var í fyrstu þótt aðeins séu um 70 ár frá því að fjallkonan kom fyrst fram á sjónarsviðið? Markmið sýningarinnar er að varpa ljósi á fjallkonuna. Hvers lags fyrirbæri er þetta eiginlega og hvaða áhrif er ætlast til að það hafi? Er hún táknmynd þjóðarinnar sjálfrar eða er hún táknmynd náttúrunnar? Á búningurinn ennþá við nú þegar stóriðja og virkjanir breiða úr sér æ víðar? Þegar þjóðin virðist hafa glatað sakleysi sínu, sakleysinu sem kannski einkenni fyrstu áratugi fullveldisins.

### ***Umsækjandi: Listahátíðin Cycle***

#### **Listahátíðin Cycle 2018 – Heimurinn heima**

Hátíðin stendur fyrir röð viðburða í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands. Saman mynda viðburðirnir yfirgrípsmikið þverfaglegt og listrænt verkefni með samfélagslegar rætur. Verkefnið á sér stað í þremur hlutum á árunum 2017–2019. Verkefnið felur í sér framleiðslu nýrra verka, kynningu á erlendum vettvangi í maí 2018, sýningu, fyrirlestra og viðburði í lok árs 2018 á Íslandi. Verkefnið byggir á fjölþjóðlegu samstarfi sem hverfist um fullveldissögu Íslandi en fjallar einnig um tengsl Grænlands, Færeyja og Íslands við Danmörku í nútíð og fortíð.

## **700 þús. kr. styrkvilyrði hljóta tvö verkefni**

### ***Umsækjandi: Safnahúsið Ísafirði***

#### **Tengsl Íslands og Grænlands**

Safnahúsið á Ísafirði vill auka samskipti Grænlands og Íslands með því að boða til ráðstefnu og efna til sýningar á Ísafirði fyrri hluta sumars 2018. Sýningin fjallar um heimsókn hóps fólks frá Angmagssalik á austurströnd Grænlands til Ísafjarðar árið 1925.

Hópurinn dvaldi á Ísafirði í fáeina daga, nokkrir gestanna sýndu listir sínar á kajökum á höfninni og heimamenn kynntu gestunum allt það helsta sem þótti markvert. Þessi heimsókn markar fyrstu tengsl Íslendinga og Grænlandinga á síðari tímum. Á ráðstefnunni er ætlunin að taka fyrir margvíslegar hliðar á tengslum Íslands og Grænlands, m.a. hvernig stjórnskipunarleg staða þeirra hefur verið svipuð og ólík í gegnum aldirnar og á hvaða hátt reynsla Íslendinga sem fullvalda þjóðar getur nýst Grænlandingum í leit þeirra að fullveldi.

### ***Umsækjandi: Listahátíð í Reykjavík***

#### **R1918**

Hugmyndin byggir á að tíminn hafi fallið saman í Reykjavík og að á götum borgarinnar 2018 birtist okkur hundruð einstaklinga frá árinu 1918, líkt og leiftur fortíðar. Þannig getur verið að vegfarendur mæti stórum hópi þvottakvenna með blautan þvott á göngu niður Laugavegin, sjómenn sitji við að gera að netum við Hamborgarabúlluna eða barnahópur sé að leik á Ingólfstorgi með gjarðir. Fólkið úr fortíðinni talar ekki við okkur heldur er líkt og það sjái okkur ekki. Það er í sínum heimi – heima í sínum tíma. Ef yrt er á þau hins vegar líta þau í augu þess sem ávarpar þau og réttia hinum sama lítið spjald sem á stendur nafn, aldur og staða í Reykjavík 1918, t.d.: „Guðrún Jónsdóttir, vinnukona að Þingholtsstræti 3, 33 ára, barnlaus.“ Allir þátttakendur munu þannig fá hlutverk sem byggir á Reykvíkingsi sem raunverulega var uppi á því viðburðaríka ári 1918. Verkefninu verður fylgt eftir með ítarefni og fræðslu um árið 1918 á heimasíðu Listahátíðar.

---

## **600 þús. kr. styrkvilyrði hljóta þrjú verkefni**

### ***Umsækjandi: Háskólinn á Hólum***

#### **Áhrif skólahalds á Hólum í Hjaltadal**

Markmið verkefnisins er að varpa ljósi á hlutverk og áhrif skólahalds á Hólum á þróun íslensks samfélags frá fullveldi til framtíðar. Sérstaklega verður horft til áhrifa Hólamanna á umhverfi sitt með hliðsjón af sjálfstæði, byggðapróun, menntunarstigi og tækniþróun. Haldin verður tveggja daga ráðstefnu að Hólum í Hjaltadal. Ráðstefnan verður öllum opin og munu fræðimenn og fyrrverandi nemendur skólans halda erindi um hugðarefni sín sem tengjast yfirskriftum málstofa en þær eru sjálfstæði, byggðapróun, menntun og tækniþróun.

### ***Umsækjandi: Hrafseyri***

#### **Tónverk fyrir Hrafseyri í tilefni aldarafmælis fullveldisins**

Til að minnast aldarafmælis fullveldis og sjálfstæðis Íslands semur ungt vestfirskt tónskáld, Halldór Smáráson, tónverk sem frumflutt verður á Hrafseyri á þjóðhátíðardag Íslands þann 17. júní 2018. Verkefnið verður 10 mínútur að lengd og verður flutt af „Strokkvartettinum Sigga“ sem stofnaður var árið 2012.

### ***Umsækjandi: Vísindavefur Háskóla Íslands***

#### **Hvað viltu vita um 1918? Verkefni á vegum Vísindavefs Háskóla Íslands**

Vísindavefurinn hyggst stofna sérstakan flokk á vefsíðu sinni sem ber heitið „1918“. Þar gefst almenningi kostur á að senda inn spurningar um hvaðeina sem tengist árinu 1918. Sérstök áhersla verður lögð á spurningar sem tengjast vísindum og ártalinu 1918. Einnig hyggst Vísindavefurinn efna til samstarfs við valda bekkjanna í nokkrum grunnskólum, bæði á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu. Nemendum í þessum bekkjum verður boðið að senda inn spurningar í flokkinn 1918 og fá svör sem m.a. er hægt að vinna með frekar í skólastarfi. Einnig mun Vísindavefurinn fara í samstarf við Árnastofnun um sérstaka áherslu á svör um handrit og handritamenningu á afmælisárinu.

---

#### **500 þús. kr. styrkvilyrði hljóta 21 verkefni**

### ***Umsækjandi: Menningarmiðstöð Þingeyinga***

#### **Þingeyst líf á fullveldisárinu**

Haldin verður röð fyrirlestra sem byggja allir á þeim grunni að skoða hvað Þingeyingar voru að fást við á fullveldisárinu. Horft verður til lífsins þá út frá ólíkum sjónarhornum. Verkefnið verður unnið í hóp sem áður hefur starfað með stofnuninni sem kallar sig „Þingeyiskir Þjóðfræðingar“. Lagt er upp með fimm fyrirlestra og að hver þeirra verði fluttur tvisvar sinnum á starfssvæði MMP sem nær yfir Þingeyjarsýslur. Einnig verður grunn- og framhaldsskólum á starfssvæði MMP boðið upp á að fá fyrirlesarana til sín.

### ***Umsækjandi: Safnasafnið***

#### **Alþýðulist á Íslandi 1918–2018: Staða og þróun**

Safnasafnið stendur fyrir samstarfsverkefni við Valsárskóla og heldur sýningu nemendanna næsta sumar. Sýningin birtir sýn þeirra á 100 ára sögu fullveldis hér á landi og eykur þannig þekkingu þeirra og innsýn í sögu fólksins sem byggir Ísland. Myndverkin verða unnin á vormánuðum 2018 í samvinnu starfsfólks Safnasafnsins og sjónlistar- og sögukennara í Valsárskóla. Á haustdögum verður haldið málþing í safninu. Á málþinginu verður fjallað um ólíkar birtingarmyndir alþýðulistar hér á landi á síðustu 100 árum. Fyrirlesararnir eru öll sérfræðingar á sviði alþýðulistar en ganga út frá mismunandi tímabilum í rannsóknum sínum og nálgast hugtakið „alþýðulist“ á ólíkan hátt.

### ***Umsækjandi: Helga Kvam***

#### **Hver á sér fegra föðurland**

Helga Kvam og Þórhildur Örnarsdóttir hyggjast lyfta hulunni af konunni og ljóðskáldinu Huldu með því að setja saman tónlistardagskrá með lögum við verk hennar; bæði lögum sem nú þegar hafa verið samin og að semja ný lög við ljóð hennar. Megináhersla verkefnisins væri að setja saman tónlistarferðalag um líf og störf Huldu í tali og tónum. Tónleikar verða á fimm stöðum; einir tónleikar í hverjum landsfjórðungi.

### ***Umsækjandi: Sögusetur íslenska hestsins***

#### **Íslenski hesturinn – þjóðarhesturinn – efling og uppgangur við fullveldi**

Sögusetur íslenska hestsins hyggst setja upp sýningu um íslenska hestinn og hestamennsku, stöðu hestamennsku um fullveldið og framfarasókn á fullveldistímanum. Í sýningunni kristallast hvernig frjáls og fullvalda þjóð hefur tryggt vöxt og viðgang síns þjóðarhests og komið honum á framfæri við heimsbyggðina og skapað honum þar, í samstarfi við aðrar þjóðir þar sem áhugi hefur verið til staðar, viðgang og virðingu. Sýningin verður fyrst sett upp á Landsmóti hestamanna 2018 en síða varanlega í Skagafirði.

### ***Umsækjandi: Sauðfjársetur á Ströndum***

#### **Strandir 1918**

Sett verður upp sögusýning með yfirskriftinni Strandir 1918 í sérsýningarrými Sauðfjárseturs á Ströndum í félagsheimilinu Sævangi. Áhersla verður lögð á að nýta persónulegar heimildir Strandamanna á sýningunni, sendibréf, dagbækur, sjálfsævisögur, minningarþætti og það litla sem til er af ljósmyndum af svæðinu frá fyrstu áratugum 20. aldar við hönnun og uppsetningu. Í tengslum við sýninguna og fullveldisafmælið verða einnig skipulagðir þrír viðburðir haustið 2018 með þátttöku sérfræðinga á sviði þjóðfræði, sagnfræði, bókmenntafræði og náttúruvísinda. Náttúrubarnaskólinn verður með innlegg á dagskránni og leitað verður samstarfs við Grunn-skólann á Hólmavík.

### ***Umsækjandi: Sunnukórinn***

#### **Sunnukórinn og fullveldið**

Sunnukórinn á Ísafirði er elsti starfandi blandaði kór á Íslandi, hefur verið starfandi hartnær alla fullveldistíð Íslands og komið víða að viðburðum tengdum fullveldissögu Íslands. Nú hyggst Sunnukórinn setja upp dagskrá með tónlist tíðarandans sem lifði með þjóðinni þetta 100 ára tímabil. Við dagskrána verði fléttað söguskýringu með frásögnum og myndefni sem tengjast fullveldinu og dagskrárefninu. Hver áratugur verður teiknaður upp í tónum og tali. Auk Sunnukórsins verða nemendur og barnakórar Tónlistarskóla Ísafjarðar þátttakendur í dagskránni.

### ***Umsækjandi: Landbúnaðarsafn Íslands***

#### **Konur í landbúnaði í 100 ár**

Landbúnaðarsafn Íslands hyggst setja upp sýninguna „Konur í landbúnaði í 100 ár“. Henni er ætlað að varpa ljósi á mikilvægan og fjölbreyttan þátt kvenna í landbúnaði en sá þáttur hefur oft farið dult í umræðu um íslenskan landbúnað í gegnum árin. Áætlað er að setja sýninguna upp í Halldórsfjósi á Hvanneyri og á sýningunni verða myndir og munir sem sýna þátt kvenna í landbúnaði frá stofnun fullveldis til okkar daga. Einnig verða sett upp fræðsluspjöld sem tengjast viðfangsefninu. Sýningin er ætluð öllum aldurshópum til fróðleiks og komið verður á samstarfi við grunn- og leikskóla á Hvanneyri, bæði við undirbúning og á meðan á sýningunni stendur. Sýningin er unnin í samstarfi við fjölmarga aðila, þar á meðal Kvenfélagið 19. júní sem fagnar 80 ára afmæli sínu á næsta ári.

**Umsækjandi: Jónína Erna Arnardóttir**

### **Fullveldi til fullveldis**

Fullveldi til fullveldis eru tónleikar með sögumanni, þar sem farið er yfir menningarsögu Íslands í tónum og tali, frá því að við vorum fullvalda þjóð til þess að við urðum það aftur. Íslensk tónlist allt frá Ár var alda til Þjóðsöngsins og nýs tónverks sem hefur verið pantað hjá ungu íslensku tónskáldi af þessu tilefni. Kastljósi er beint á það hvað tónlist og menning hafði mikil áhrif á sjálfsmynd Íslendinga til að við gætum verið sjálfstæð þjóð.

**Umsækjandi: Listasafn Reykjanesbæjar**

### **Þingvellir – Gildi þeirra fyrir þjóðarvitund og myndlist Íslendinga**

Listasafn Reykjanesbæjar hyggst setja upp stóra sýningu á Þingvallamyndum úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar og úr einkasafni Svennis Kristinssonar í sýningarsal listasafnsins í Duus-safnahúsum, menningar- og listamiðstöð Reykjanesbæjar. Á sýningunni verður velt upp gildi þessa helgasta staðar Íslendinga fyrir þjóðarvitundina og einnig áhrifum Þingvalla á myndlist þjóðarinnar. Þetta er gert til að vekja athygli á Þingvöllum, einum sögufrægasta stað Íslandssögunnar, og því mikla hlutverki sem Þingvellir skipuðu í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar.

**Umsækjandi: Töfrahurð**

### **Tónlistarævintýri fyrir börn um fullveldissögu Íslands**

Þórarinn Eldjárn rithöfundur ætlar að semja barnaljóð og sögur sem fjalla um börn á fullveldistíma, frá 1918–2018. Búin verður til saga og ljóðatexti sem passar við hvern áratug í sögu Íslands. Fimm stúlkur og fimm strákar segja þá frá atburði í sínu lífi og kynna þannig fyrir yngstu kynslóðinni hvernig líf okkar Íslendinga hefur breyst frá árinu 1918. Tónskáldin Elín Gunnlaugsdóttir og Steingrímur Þórhallsson semja nýja tónlist við ljóðatextana og verður leitast við að tónlistin endurspegli einnig að einhverju leyti tíðarandann. Dagskráin verður flutt í Hörpu með þátttöku Listdansskóla Íslands sem tengir saman sögunnar á sviði með hreyfingum og búningum.

**Umsækjandi: Reykholtshátíð**

### **Reykholtshátíð 2018 – Fullveldi í 100 ár: íslensk kammertónlist frá 1918–2018**

Fullveldi í 100 ár: íslensk kammertónlist frá 1918–2018 verða lokatónleikar Reykholtshátíðar. Á tónleikunum verður leikið úrval íslenskra kammerverka frá fullveldisárinu 1918 og fram til ársins 2018. Dr. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur verður ráðgefandi í þessu verkefni. Á tónleikunum verður frumflutt á Íslandi nýtt verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur tónskáld, en frumflutningur á verkinu fer fram í París í apríl 2018.

**Umsækjandi: Dönskudeild við Háskóla Íslands/Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum**

### **Rapp- og (h)ljóðlistahátíð og málþingið frá rímum til rapps**

Verkefnið hefur að markmiði að varpa ljósi á rapp- og (h)ljóðlist og önnur alþýðleg listform í Danmörku og á Íslandi í sögu og samtíð, en rapp er alþýðlegt listform sem ungt fólk í Danmörku og á Íslandi nýtir sér nú um stundir fyrir listsköpun sína, til að varpa ljósi á stöðu í samfélaginu og afstöðu til þess. Verkefnið er tvíþætt: a) Efnt verður til rapp- og (h)ljóðlistahátíðar fyrir almenning, með sérstakri áherslu á ungmenni. b) Í tengslum við hátíðina verður haldið þverfaglegt málþing undir yfirskriftinni Frá rímum til rapps, þar sem fjallað verður um alþýðleg listform í Danmörku og á Íslandi í hundrað ár. Varpað verður fram spurningum sem varða einkenni alþýðlegra listforma og þróun þeirra í löndunum tveimur.

***Umsækjandi: Sara S. Öldudóttir***

### **Mannfræði fyrir krakka: „Þjóð“ – skapandi vinnusmiðjur**

Halda á vinnusmiðjur fyrir börn þar sem fjallað verður um hugtakið þjóð, börnin meta, velta fyrir sér og setja niður eigin „kenningar“ um þetta hugtak sem bæði sundrar og sameinar. Getu allir fengið að tilheyra (íslenskri) þjóð? Hvað sameinar Íslendinga? Eru þeir allir eins? Í vinnusmiðjunum vinna börnin eigin hugsanir og viðbrögð við þemanu í teikningum og texta. Afraksturinn er svo settur upp sem sýning í lok smiðjunnar, hengdur á þar til gert undirlag sem hægt er að ferðast með og sýningin stækkar eftir því sem vinnusmiðjunum fjölgar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Borgarbókasafnið, List fyrir alla og fleiri aðila.

***Umsækjandi: Guðrún Ingimarsdóttir***

### **Íslensk tónskáld á þýskri grund**

Guðrún Ingimarsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir hyggjast halda tónleika í Þýskalandi og Sviss þar sem áhersla verður lögð á verk tónskálda sem stunduðu nám við tónlistarháskóla í Þýskalandi. Ber þar að nefna Pál Ísólffsson, Jón Leifs, Atla Heimi Sveinsson og Jórinni Viðar sem er fædd 1918. Jórunn verður í ákveðnu heiðurs-sæti þessara tónleika. Tónleikarnir eru í samstarfi við sendiráðið í Berlín, sendiráðið í Genf og tónlistarhátíðina WGT Kammer í Leipzig.

***Umsækjandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur***

### **Ljósmyndasýning í elsta húsi Reykjavíkur (vinnuheiti: Tíðarandi á fullveldisári í myndum)**

Um er að ræða samstarfsverkefni Borgarsögusafns Reykjavíkur (Ljósmyndasafns Reykjavíkur) og Þjóðminjasafns Íslands (Ljósmyndasafns Íslands) þar sem sýndar verða valdar myndir úr safnkosti þessara safna er varpa ljósi á söguna og tíðarandann í Reykjavík á fullveldisárinu 1918. Ráðgert er að sýningin verði sett upp í hjarta miðborgarinnar, í hinu sögufræga húsi við Aðalstræti 10, sem er elsta hús Reykjavíkur. Einn miðpunktur ljósmyndasýningarinnar er hin þekkt mynd Magnúsar Ólafssonar af hátíðarathöfn fyrir framan Stjórnarráðið þann 1. desember 1918. Segja má að sú mynd sé nokkurs konar táknmynd fullveldisins, en engu að síður fléttast inn í hana aðrar frásagnir, svo sem að á þessum tíma var bærinn og landið enn í sárum eftir spænsku veikina er hafði lagt fjölda landsmanna að velli.

***Umsækjandi: Erlusjóður***

### **Vaki þjóð: Ævi og störf Þorsteins Valdimarssonar skálds**

Skáldið Þorsteinn Valdimarsson fæddist 31. október 1918 í Brunahvammi sem er eitt af heiðarbýlum í Vopnafirði. Haldnir verða tveir viðburðir, á Vopnafirði og í Kópavogi, með það að markmiði að fjalla um sögu og flytja verk skálds sem fæddist á fullveldisárinu og tengja inntak verka hans við sjálfstæði og fullveldi landsins. Flutt verða erindi um ævi og verk skáldsins og ljóð og lög hans flutt af tónlistarfólki. Í erindum um skáldið verður leitast við að tengja inntak verka hans við stef úr sjálfstæðisbaráttunni og í tónlistarflutningi á verkum hans verður miðað við að virkja m.a. ungt tónlistarfólk.

### ***Umsækjandi: Norræna félagið***

#### **Vegferð til velferðar**

Hvað er Ísland 2018: „Vegferð til velferðar“ er fyrirlestraröð þar sem ýmsir þættir samfélagsins á síðastliðnum 100 árum verða teknir til umfjöllunar. Norrænu félögin hafa verið samferða fullveldi Íslands þessa öld og fagna þau aldarafmæli félaganna í Kaupmannahöfn í apríl 2019. Norræna félagið á Íslandi var stofnað 1922 en í Svíþjóð, Noregi og Danmörku 1919. „Vegferð til velferðar“-verkefnið verður byggt upp með þeim hætti að haldnir verða 9–10 viðburðir á árinu. Viðburðirnir verða í formi fyrirlestra, málþinga, smærri ráðstefnu og vinnustofu. Markmiðið með hverjum viðburði fyrir sig er að taka fyrir einn þátt samfélagsins og fjalla um þann þátt út frá þróun samfélagsins á síðustu öld.

### ***Umsækjandi: Reykjavík, Bókmenntaborg UNESCO***

#### **Ljóð um fullveldi**

Bókmenntaborgin Reykjavík mun helga Lestrarhátíð 2018 fullveldisafmæli Íslands. Í aðdraganda hátíðarinnar hyggst Bókmenntaborgin standa fyrir ritsmiðjum fyrir ungt fólk með þemanu fullveldi. Smiðjurnar verða á landsvísu og er markmiðið að fá ungt fólk til að velta hugtakinu fyrir sér í sögu og samtíð og vinna með það á skapandi hátt í textagerð. Meðal annars verður litið til skáldskapar frá upphafi fullveldis og því velt upp hvort og hvernig skilningur okkar á hugtakinu fullveldi hefur breyst. Smiðjurnar verða fyrir fólk á aldrinum 18–30 ára og verða undir handleiðslu reyndra skálda. Afrakstur, ljóð og aðrir stuttir texta verður í brennidepli á Lestrarhátíð í formi viðburða og sýninga í Reykjavík og víða um landið, auk miðlunar á vefjum.

### ***Umsækjandi: Kvenréttindafélag Íslands***

#### **Fullvalda konur og karlar**

Kvenréttindafélag Íslands hyggst standa fyrir fjórum fundum í öllum landsfjórðungum haustið 2018 þar sem fjallað er um íslenskt fullveldi og þátt kvenna í þeirri baráttu. Í tengslum við þessa fræðslufundi verður sett upp ljósmyndasýning þar sem ljósmyndum af baráttufólki fyrir fullveldi og stjórnmalajafnrétti, bæði konum og körlum til jafns, verður varpað upp á vegg utan húss. Verkefnið er unnið í samstarfi við sveitarfélög og fleiri aðila.

### ***Umsækjandi: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir***

#### **Sönghátíð í Hafnarborg**

Sönghátíð í Hafnarborg er tónlistarhátíð sem byggir menningarbrú á milli fortíðar og nútíma, barna og full-orðinna, þjóðlaga og klassískrar tónlistar, áhugafólks og atvinnufólks í tónlist. Markmið hátíðarinnar eru að koma sönglist, ljóðlist og tónlistararfi þjóðarinnar á framfæri á námskeiðum, tónleikum og netinu, stuðla að rannsóknarvinnu í íslenskri tónlist, styðja við nýsköpun, varðveita tónlistararfinn á lifandi hátt og búa til vettvang fyrir atvinnutónlistarmenn til að koma fram á. Íslenskt tónskáld verður fengið til að semja nýjar útsetningar á íslenskum þjóðlögum til flutnings á hátíðinni og þannig auka við nýsköpun og nýja sýn á þjóðararfinn, einnig munu tónleikar sem bera heitið „1918“ varpa ljósi á þá tónlist sem verið var að flytja á Íslandi og erlendis árið sem Ísland varð fullvalda ríki.

### ***Umsækjandi: Jana María Guðmundsdóttir***

#### **Landmark**

Danaveldi er tveggja manna leiksýning sem beinir sjónum að samskiptum Íslands og Danmerkur í ljósi sögunnar. Verkið er gamanleikrit og er ætlað að miðla mikilvægri og áhugaverðri sögu á gamansaman og glettinn hátt. Verkið dregur upp mynd af hjónabandi íslenskrar konu og dansks karlmanns í gegnum hliðar hjónabands: tilhugalíf, hveitibrauðsdaga, hversdagsleikann, skilnað og hvernig er að standa á eigin fótum með slíka reynslu á bakinu. Leikverkið speglar áhugaverða atburði í sögu landanna tveggja, m.a. komu Haraldar hárfagra til Íslands og afskipti konungs af nýlendunni í norðri á erfiðum tímum, gengi fótboltalandsliðanna tveggja, þá og ákvörðun Íslands að lýsa yfir sjálfstæði þegar Danmörk var hersetin af Þjóðverjum í seinni heimsstyrjöldinni þann sið Íslendinga að tala dönsku á sunnudögum svo fátt eitt sé nefnt. Leikarar eru Jana María Guðmundsdóttir og Jakob Agermose Pedersen og verður leikverkið sett upp í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu haustið 2018.

---

**400 þúsund kr. styrkvilyrði hljóta átta verkefni**

### ***Umsækjandi: Skógræktin***

#### **Frá fræi til nytjaskógar á fullveldistíma**

Laugarvatnsskógur er einn þjóðskóganna, skóga sem Skógræktin hefur haft umsjón með allan fullveldistímann, til verndar og ræktar. Með þessu verkefni er efnt til samstarfs við Bláskógabyggð, leik-, grunn- og menntaskóla á Laugarvatni og heimafólk um skógardag fyrir almenning í Laugarvatnsskógi. Lesið verður úr ljóðum eða öðrum bókmenntaverkum, eldri og yngri, sem tengjast fullveldinu, veitt fræðsla um skóga og skógrækt, farið í skógargöngu með leiðsögn og gróðursett 100 úrvalstré í nýjan Fullveldislund. Þetta verða úrvalseintök af þeim tegundum sem best reynast í skógrækt á Íslandi og sett verður upp skilti með helstu staðreyndum um vöxt þessara tegunda, kolefnisbindingu, viðarnytjar og fleira.

### ***Umsækjandi: Skafti Ingimarsson***

#### **Málstofa um fullveldi Íslands í fortíð, nútíð og framtíð**

Háskólinn á Akureyri (Hug- og félagsvísindasvið) boðar til málstofu í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands. Fjallað verður um fullveldishugtakið á breiðum grunni, þar sem fram koma ólík viðhorf fræðimanna til fullveldisins í fortíð, nútíð og framtíð. Málstofunni er ætlað að minnast aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Fjallað verður um fullveldið frá sjónarhóli sagnfræði, lögfræði og stjórnmálafræði. Málstofunni verður streymt á vefsíðu Háskólans á Akureyri og verður aðgengileg á netinu út afmælisárið. Málstofunni lýkur með því að opnuð verður ljósmyndasýning Minjasafns Akureyrar, þar sem brugðið verður upp svipmyndum frá fullveldisárinu 1918 og heimsókn Kristjáns X. Danakonungs hingað til lands 1921.



***Umsækjandi: Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar***

**Þjóðlagaarfur Íslendinga í nýjum búningi**

Taka á upp í hljóð og mynd flutning á 20 íslenskum þjóðlögum úr Þjóðlagasafni Bjarna Þorsteinssonar sem kom út árið 1906. Þjóðlögin verða í nýjum búningi. Þau verða útsett á einfaldan hátt fyrir söng og hljóðfæraleik til þess að gera þau aðgengilegri almenningi. Leikið verður á hljóðfæri sem voru til á Íslandi fyrr á öldum. Flytjendur eru Spilmenn Ríkínís. Þeir syngja lög og leika undir. Lög verða sýnd á sérstakri sýningu í Þjóðlagasetrinu á Siglufirði í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands. Þá munu Spilmenn Ríkínís flytja lög á opnunartónleikum Þjóðlagahátíðarinnar á Siglufirði.

***Umsækjandi: Akrahreppur***

**Hver á sér fegra föðurland**

Verkefnið er hugsað sem vekjandi og gleðileg dagskrá eina kvöldstund. Kórar munu syngja lög frá þeim hundrað árum sem þjóðin hefur verið fullvalda ríki. Milli söngatriða verður flutt lesin og leikin dagskrá um sögu þjóðar í hundrað ár. Lögð verður áhersla á mikilvægi þess að fá að lifa í frjálsu og friðsömu landi. Komið verður rækilega til skila að slíkt er ekki sjálfsagt og undirstrikað hve dýrmætt frelsið er. Verkefnið er unnið í samstarfi við Karlakórinn Heimi, Kvinnakórinn Sóldís og Gangnamannafélag Austurdals.

***Umsækjandi: Byggðasafnið í Görðum, Akranesi***

**Viðburðir og heimildarmynd um útileika barna 1918–2018**

Byggðasafnið í Görðum hyggst fjalla um og gera stutta heimildarmynd um útileiki barna sem og halda viðburði því tengdu. Með verkefninu er leitast við að gera útileikjum barna frá upphafi 20. aldar skil á myndrænan hátt og með því skrá og varpa ljósi á hvernig útileikir barna hafa breyst frá þessum tíma fram á okkar daga. Myndin verður hluti af grunnsýningu Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi.

***Umsækjandi: Heimilisiðnaðarfélag Íslands***

**Út úr skápunum – tókum þjóðbúningana í brúk**

Markmið verkefnisins er að draga þjóðbúninga af öllu tagi út úr skápunum og fram í dagsljósið jafnframt því að minna á þátt þeirra í sjálfsmynd þjóðarinnar og sjálfstæðisbaráttunni. Sett verður upp sýning á mismunandi gerðum þjóðbúninga. Sérstök áhersla er lögð á að vekja fólk til umhugsunar um þau menningarlegu verðmæti sem felast í þjóðbúningum sem leynast innilokuð í fataskápum um allt land. Sýningin er ætluð Íslendingum sem og erlendum ferðamönnum.

### ***Umsækjandi: Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk***

#### **Bréf Halldóru Guðbrandsdóttur**

Kammerhópurinn ReykjavíkBarokk hyggst skapa nýtt tónleikhúsvark sem byggir á bréfi sem Halldóra Guðbrandsdóttir (1574–1658) skrifaði dönskum stjórnvöldum 29. ágúst 1625. Bréfið er varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands með eiginhandarundirskrift Halldóru. Bréf þetta er einstök heimild um samskipti íslenskrar konu við dönsk stjórnvöld og er efni þess háþólitísk beiðni dóttur Guðbrands Þorlákssonar (1541–1627) biskups á Hólum um að henni sjálfri verði veitt opinbert leyfi til þess að hafa yfirumsjón yfir Hólastað og öllum eigum dómkirkjunnar í veikindum föður síns og jafnframt að Ara í Ögri, mági hennar, verði varnaður allur aðgangur að Hólastað og fjármunum kirkjunnar. Bréfi Halldóru var svarað ári síðar, 1626, undirritað af Holgeir Rosenkrantz, höfuðsmanni og umboðsmanni Danakonungs, þar sem Halldóru er opinberlega veitt umboð til þess að hafa öll forráð yfir Hólastað í forföllum föður síns. Þar með verður Halldóra Guðbrandsdóttir yfirmaður Hólabiskupsdæmis á árunum 1624–1627 þegar faðir hennar féll frá. Verkið verður flutt í júlímánuði 2018 í Skálholtskirkju og Guðríðarkirkju og í ágúst 2018 í Hóladómkirkju.

### ***Umsækjandi: RIFF, alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík***

#### **Töfraheimur hvíta tjaldsins og saga þjóðar**

Setja á saman vandaða dagskrá með eldri og nýjum íslenskum kvikmyndum, bæði í fullri lengd og styttri myndir. Kvikmyndadagskrána er ætlunin að sýna á RIFF næsta haust og fagna á sama tíma með sérstakri dagskrá kvikmynda frá Eystrasaltsríkjunum sem einnig halda upp á stórafmæli á næsta ári, í samvinnu við kvikmyndastofnanir Eystrasaltsríkjanna þriggja. Haldið verður málþing um fullveldishugtakið með þátttöku ríkjanna þar sem m.a. verður velt upp spurningunni um sérstöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Halda á stuttmyndasmiðju fyrir grunnskóla með fullveldið sem þema í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Dagskrá með nýjum og eldri íslenskum kvikmyndum veður einnig sýnd utan höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við menningarstofnanir.

---

### ***300 þús. kr. styrkvilyrði hljóta 16 verkefni***

#### ***Karлакór og Lúðrasveit Vestmannaeyja***

#### **Blástur og söngur frá Eyjum til fullveldisins**

Lúðrasveit Vestmannaeyja og Karлакór Vestmannaeyja hyggjast setja saman metnaðarfulla dagskrá með úrvali verka eftir íslensk tónskáld allt frá 1918 til dagsins í dag. Verkefnið er unnið í samstarfi við Tónlistarskóla Vestmannaeyja og Vestmannaeyjabæ.

### ***Umsækjandi: Björn Bjarnason***

#### **Fullveldið og hlíðin fríða**

Heiti verkefnisins vísar til Fljótshlíðar, ættjarðarastarinnar og Gunnars á Hlíðarenda. Það snýst um að lýsa tengslum rómantikur og raunsæis í sjálfstæðisbaráttunni sem leiddi til fullveldis. Bjarni Thorarensen amtmáður fæddist á Hlíðarenda í Fljótshlíð, áhrif hans á Jónas Hallgrímsson skáld og aðra Fjölismenn eru ótvíræð. Jónas heimsótti vin sinn sr. Tómas Sæmundsson, prófast á Breiðabólstað í Fljótshlíð, og orti síðan Gunnarshólma. Í Jónasi og sr. Tómasi mætast rómantik og raunsæi. Hver voru áhrifin á sjálfstæðisbaráttuna? Haldnir verða fjórir fyrirlestrar að Kvoslæk í Fljótshlíð sem fjalla um viðfangsefni verkefnisins.

### ***Umsækjandi: Tækniminjasafn Austurlands***

#### **1918 hér og þá**

Unnið verður með þær sýningar Tækniminjasafns Austurlands sem fyrir eru og safneign þess. Leitaðar verða uppi heimildir um raunverulega atburði sem áttu sér stað í tengslum við safneignina. Með textum og myndum verður vakin athygli á raunverulegum stöðum, húsum, herbergjum, skjölum og safngripum sem skírskota til ársins 1918 með áherslu á fullveldið – aðdraganda að stofnun þess og afleiðingar. Höfuðviðfangsefni safnsins er nútíma-væðing Íslands á tímabilinu 1880–1950. Innan safnsins eru því mannvirki, munir, myndir og skjöl sem verða að teljast afar mikilvæg til þess að átta sig á, upplifa og skilja það andrúm sem var til staðar í aðdraganda þriggja afgerandi tímabila í sögu þjóðarinnar – heimastjórni-fullveldi-lýðveldi.

### ***Umsækjandi: Kammerkór Norðurlands***

#### **Ljúflingsmál**

Kammerkór Norðurlands heldur tvenna tónleika, á Norðurlandi og Vesturlandi. Á tónleikunum verða m.a. þrjú ástsæl ættjarðarlög, þar af tvö lög við verðlaunaljóð sem ort voru í tilefni af lýðveldishátíðinni 1944, „Hver á sér fegra föðurland“ og „Land míns föður“. Hið þriðja er „Ísland ögrum skorið“. Einnig verður nýtt efni sem að stærstum hluta hefur verið samið og/eða útsett fyrir kórinn. Kórinn hefur lagt metnað sinn í afar vandaðan flutning á hvoru tveggja, ættjarðarlögunum og hinum nýrri, og diskurinn og tónleikarnir tengja þannig nýrri kórtónlist við traustan grunn lagðan af hinum fyrri tónskáldum.

### ***Umsækjandi: Mótorhjólasafn Íslands***

#### **Henderson-mótorhjól á Íslandi í 100 ár**

Árið 1918 flutti Ingólfur Espolin, kaupmaður á Akureyri, inn mótorhjól af gerðinni Henderson. Notaði hann hjólið sjálfur en auglýsti það síðan til sölu í dagblöðum bæjarins. Segir lítið af hjólinu fyrr en Grímur Jónsson kemst yfir það í mjög dapurlegu ástandi. Grímur gerir síðan hjólið upp sem hefur verið staðsett á mótorhjólasafninu frá 2014 og er höfuðdjásn þess, enda elsta mótorhjól landsins. Í maí nk. verður hjólið gangsett á 100 ára afmæli þess, einnig verða fleiri eldri hjól gangsett og þeim ekið um svæðið. Í tengslum við aksturinn verður haldinn fyrirlestur um sögu mótorhjólsins á Íslandi sem nær aftur til 1905. Markmið verkefnisins er að kynna sögu og hlutverk mótorhjólsins í samgöngusögu landsins en þar skipar það veglegan sess, sérstaklega í byrjun aldarinnar þegar vegakerfið var hvað frumstæðast.

### ***Umsækjandi: Iðnaðarsafnið á Akureyri***

#### **Verkmiðjustúlkan Jana í Höfða (vinnuheiti)**

Setja á upp sýningu sem byggir að hluta til á viðtali sem Bergþóra Bergsdóttir tók við Júlíönu Andrésdóttur frá Höfða í Glerárþorpi þar sagði hún frá störfum sínum, fyrst í Klæðaverksmiðjunni Gefjun árið 1917 og síðar í Ullarverksmiðjunni Gefjun 1930. Inn í lýsinguna er bætt atburðum og ýmsu öðru sem varðaði líf og störf þess fólks er starfaði í verksmiðjunum. Sagan verður sögð með myndum, texta og safngripum. Öllum skólum verður boðið að skoða sýninguna og boðið verður upp á leiðsögn þar sem aðalinntakið verður fullveldisárið 1918 og efni tengt sýningunni.

### ***Umsækjandi: Amtsbókasafnið á Akureyri***

#### **Bæjarbragur: Í upphafi fullveldis**

Á Amtsbókasafninu á Akureyri verður haldin sýning tileinkuð fullveldi Íslands í desember 2018. Á sýningunni sem verður opnuð laugardaginn 1. desember mun Héraðsskjalasafnið á Akureyri og Minjasafnið á Akureyri ásamt Amtsbókasafni sýna ljósmyndir, muni, skjöl og fleira sem tengist fullveldinu. Hvaða fundur var haldinn í Samkomuhúsinu síðla sumars árið 1918? Hver var kjörsókn á Akureyri í kosningum um sambandslagafrumvarpið þann 19. október 1918? Hvernig var fullveldinu fagnað? Hvernig leit bærinn út árið 1918? Hvaða bækur fengu gestir Amtsbókasafnsins að láni á fullveldisárinu? Söfnin þrjú munu leitast við að svara upptöldum spurningum og fleirum til á fyrirhugaðri sýningu.

### ***Umsækjandi: Dalabyggð fyrir hönd áhugahóps um Sturlu Þórðarson***

#### **Opnun minningarreits um sagnaritarann Sturlu Þórðarson**

Sturla Þórðarson, sagnaritari, skáld og lögmaður, bjó á Staðarhóli í Saurbæ í því héraði sem nú heitir Dalabyggð, fæddur 1214, dáinn 1284. Hann er afkastamestur sagnaritara 13. aldar, ekki aðeins um sögu Íslands, heldur einnig Noregs. Arfur hans á fullt erindi til samtímans, enda er hann stór hluti sjálfsmýndar Íslendinga. Síðsumars verður opnaður minningarreitur um Sturlu á Staðarhóli í Saurbæ og verður opunarathöfn í tilefni þess.

### ***Umsækjandi: Eiríksstaðanefnd***

#### **Vínlandssetur í Leifsbúð Búðardal**

Í undirbúningi er opnun Vínlandsseturs í Búðardal þar sem landafundasögu Íslendinga verða gerð skil í sýningarformi. Setrið verður systursetur Landnámsseturs í Borgarnesi. Í apríl verður blásið til viðburðar sem verður formlegt upphaf uppbyggingarinnar þar sem fjallað verður um þetta metnaðarfulla verkefni opinberlega, sýnd drög að hönnun og sagt frá ferlinum, auk þess sem fyrsta senan að sýningunni verður sýnd og fjallað um tengsl þessara landafunda við fullvalda ríkið Ísland.

### ***Umsækjandi: Safnahús Borgarfjarðar***

#### **Ættjörðin og unga fólkið**

Verkefnið er samstarfsverkefni við Tónlistarskóla Borgarfjarðar þar sem unnið er með ungu fólki í listsköpun. Á árinu 2018 tekur markmið og textaval sérstakt mið af fullveldisárinu. Valin verða ættjarðarljóð af ýmsu tagi og eftir borgfirsk skáld á ýmsum tímabilum, alveg til samtíma. Umfjöllunarefnið er ættjörðin og verða ljóðin sett í vinnuhefti sem dreift verður til nemenda Tónlistarskólans í byrjun janúar. Þeir vinna svo með texta úr heftinu að eigin vali undir handleiðslu kennara sinna og semja tónlist við þá. Lokapunktur verkefnisins er svo tónleikar í Safnahúsi 19. apríl þar sem nemendur flytja sjálfir eigin verk.

### ***Umsækjandi: Bókasafn Akraness og leikfélagið Skagaleikflokkurinn***

#### **„Kellingarnar“ minnst fullveldis**

Markmið „Kellinganna“ er að fræða og skemmta samferðamönnum sínum í göngu um bæinn. Leitað verður fanga í Héraðsskjalasafni Akraness, í dagbókum, fundargerðum, tímaritum, bréfum og hreppskjólum. Horft verður til þessara þátta; byggðin, höfnin, heilbrigðismál / spánska veikin, skóli, kirkja, félagsstörf og hátíða-höld 1. des. 1918. Afraksturinn verður fluttur á göngu um Akranes, áð verður á stöðum sem tengjast efninu. Með verkefninu er varpað ljósi á lífið á Akranesi árið 1918, borið saman við daginn í dag. Verkefnið er samstarfs-verkefni Bókasafns Akraness og Skagaleikflokksins.

### ***Umsækjandi: Byggðasafn Hafnarfjarðar***

#### **Ljósmyndasýning meðfram strandstígunum í Hafnarfirði**

Meðfram strandstígunum í Hafnarfirði hefur verið komið upp 20 skiltum sem Byggðasafnið setur upp ljósmynda-sýningar á ár hvert. Um er að ræða um 50 ljósmyndir á hverri sýningu. Sýning ársins 2018 verður tengd fullveldis-afmælinu og munu myndirnar varpa ljósi á líf Hafnfirðinga árið 1918 með hjálp stuttra sýningartexta.

### ***Umsækjandi: Kristín Þóra Guðbjartsdóttir***

#### **Hvað á barnið að heita?**

Hvað á barnið að heita? er sýning sem byggir á skírnarkjólum úr tveim byggðarlögum þar sem sýningin verður sett upp, þ.e. í Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna og Listasafni Ísfirðinga. Skírnarkjólur úr viðkomandi byggðarlögum gerðir af konum í byggðarlaginu verða hafðir til sýnis og saga þeirra sögð. Einnig verða til sýnis nokkrir nafna- og skírnarkjólur Berglindar Birgisdóttur klæðskera sem hún saumar úr gömlu og úrsérgengnu íslensku bróðeríi sem öðlaðist nýtt hlutverk með endursköpun. Enn fremur verður fjölbreytileiki íslenskra manna-nafna settur í áhugavert samhengi við nafna- og skírnarkjólana með vísun í huglæg menningarverðmæti í okkar hversdagslega nærumhverfi. Teflt er saman áþreifanlegum og óáþreifanlegum menningararfi til að efla umhverfis- og menningarlæsi og auka vitund á sjálfbærni, almenningi til gagns og gamans.

### ***Umsækjandi: Graduale Nobili***

#### **Graduale Nobili minnst fullveldisafmælisins**

Graduale Nobili hyggst fagna aldarafmæli fullveldisins með því að halda útitónleika á Þingvöllum, um vor eða snemmsumars 2018. Kórinn ætlar að syngja sígild ættjarðarlög á borð við Hver á sér fegra föðurland og Land míns föður en einnig frumflytja nokkur verk eftir Þorvald Örn Davíðsson sem hann semur við ljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi og Jónasar Hallgrímssonar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Við viljum bjóða öllum aldurshópum, ungum sem öldnum, að koma og hlýða á söng okkar og kynna þau fyrir nýrri tónlist við sígild ljóð þjóðskáldanna.

### ***Umsækjandi: Jón Ingi Gíslason***

#### **Kóningsvegurinn – leið til frelsis**

Kóningsvegurinn var gerður til að taka á móti Friðriki VIII. sumarið 1907. Föruneyti konungs taldi um 200 manns, ríkisþingmenn og aðstoðarfólk. Leiðin liggur frá Reykjavík um Mosfellssveit til Þingvalla, Laugarvatns, Geysis, Gullfoss um Hrunamannahrepp niður Þjórsárþakka og sem leið liggur um Hellisheiði til Reykjavíkur. Framkvæmdin var risavaxin jafnt efnahagslega sem félagslega og kostaði um 14% af landsframleiðslu þess tíma. Svo stór framkvæmd reyndi ekki síður á samstöðu Íslendinga við að skipuleggja og framkvæma verkið. Halda á þrjá fyrirlestra/viðburði við Kóningsveginn þar sem fjallað verður um Kóningsveginn og áhrif sem hann hafði á lífandi hátt.

### ***Umsækjandi: Listasafn Reykjavíkur***

#### **Tak í lige máde: samtímalist frá Danmörku**

Sýningu Listasafns Reykjavíkur er ætlað að vera uppbyggileg leið til að minnast þess að Ísland varð frjálst undan stjórn Danmerkur með því að miðla spennandi og ögrandi myndlist frá þessari fyrrum herraþjóð. Tílefnið er nýtt til þess að takast á við ákveðin viðfangsefni sem endurspeglast í samtímamyndlist og þar eiga Danir afar hæfa fulltrúa sem náð hafa árangri á alþjóðavísu. Sýningin sjálf og viðburðir henni tengdir eiga sér stað í húsakynnum Listasafns Reykjavíkur og á meðan á sýningunni stendur verður leitast við að miðla inntaki hennar til ólíkra safngesta. Einnig verða viðburðir sem færa umræðuna í stærra samhengi þar sem fræðimönnum verður boðið að taka þátt í pallborðsumræðum.

---

#### ***200 þús. kr. styrkvilyrði hljóta átta verkefni***

### ***Umsækjandi: Kirkjubæjarstofa – þekkingarsetur***

#### **Frá Kötlugosi að fullveldi 1918**

Verkefnið er að segja frá árinu 1918 í Skaftárhreppi. Það ár reyndi á íbúana á svo margan hátt, lítill hefyngur náðist um sumarið og um haustið gaus Katla og allt lífið mótaðist af þeim hamförum. Í kjölfar Kötlugoss fengu Íslendingar svo fullveldi og var það eins og vonarstjarna í myrkrinu. Markmiðið er að minnast þessara atburða og skilja áhrif þeirra á samfélagið í dag. Sett verður upp sýning og haldin Þakkarhátíð 1. desember þar sem verður hátíðardagskrá, fullveldisins minnst og þakkað fyrir að vegna margra ótrúlegra tilviljana fórst enginn í Kötlugosinu.

### ***Umsækjandi: Bókasafnið í Hveragerði***

#### **Menningardagskrá barna – fullveldisdaginn 2018**

Bókasafn Hveragerðis og Listasafn Árnesinga efna til menningardagskrár á fullveldisdaginn 1. desember þar sem myndlist, orðlist og tónlist er teft saman. Dagskráin verður með börnum og fyrir börn og á hún að höfða sérstaklega til yngri kynslóða. Samstarf verður haft við Grunnskólann í Hveragerði og efnt til ritgerðasamkeppni sem tengist fullveldishugtakinu. 1. desember verður lesið úr völdum ritgerðum. Einnig verður efnt til samkeppni í myndmennt út frá fullveldishugtakinu. Opnuð verður sýning á úrvali verka í Listasafni Árnesinga og leitað eftir samstarfi við Tónlistarskóla Árnesinga um val á nemendum til að flytja tónlist við hæfi á menningardagskránni.

### ***Umsækjandi: Svæðisgarðurinn Snæfellsnes***

#### **Barnamenningarhátíð á Snæfellsnesi**

Á barnamenningarhátíðinni verður sérstök áhersla lögð á fjölmenningsamfélagið sem við búum í. Á hátíðinni verður kynning á 21 þjóðerni sem búsett er á Snæfellsnesi. Á barnamenningarhátíðinni fer fram kynning á matarhefðum, þjóðdönsum söng o.fl. Verkefnið er unnið í samvinnu við Frystiklefann á Rifi og alla skóla á Snæfellsnesi.

### ***Umsækjandi: Auður Gunnarsdóttir***

#### **Draumalandið**

Má bjóða ykkur upp á molasopa og pönnur í tilefni afmælisins? Boðið verður til samsætis í Gamla bíó þar sem farið verður í gegnum sönglagaarf okkar Íslendinga á þeim 100 árum sem liðin eru frá fullveldisstofnun. Umfjöllunarefni ljóðanna á þessu 100 ára tímabili verður skoðað og þannig skyggst inn í þjóðarsálina. Hvaða efni dró tónskáldin að hljóðfærinu til að semja lag? Flutt verða valin verk á meðan gestir gæða sér á molasopa og pönnukökum sitjandi við borð. Flytjendur eru Auður Gunnarsdóttir og Eva Þyrí Hilmarisdóttir.

### ***Umsækjandi: Málfríður Finnbogadóttir f.h. undirbúningsnefndar***

#### **GL80 – sýning og dagskrá í Þjóðarbókhöðunni**

Verkefninu er ætlað að draga fram minningu og arfleifð Guðrúnar Lárusdóttur sem lést í bílslysi í Tungufljóti 1918 þar sem hún druknaði ásamt tveimur dætrum sínum. Frú Guðrún Lárusdóttir er ein merkasta kona 20. aldar – hún var ótrúlega fjölhæf og virk í samfélaginu. Hún var bæjarfulltrúi í Reykjavík 1912–1918, 10 barna móðir, þjóðkunn fyrir ýmsa menningarstarfsemi, fjöllesinn og afkastamikill rithöfundur og alþingismaður frá 1930 til dauðadags, auk þess sem hún var virk í félagsstarfi. Með því að heiðra minningu Guðrúnar Lárusdóttur undirstrikum við að bæði ungt fólk og þeir eldri geta lært af konu eins og henni sem talaði fyrir góðum málum og sinnti á sérstakan þátt þeim sem minna máttu sín í þjóðfélaginu. Sýning um Guðrúnu og viðburðir henni tengdir verða í Þjóðarbókhöðunni.

### ***Umsækjandi: Dómkórinn í Reykjavík***

#### **Hátíðarkantötur Páls Ísólfssonar og Emils Thoroddsen**

Dómkórinn stendur fyrir hátíðartónleikum í Eldborg í tilefni 100 ára fullveldis Íslands. Á tónleikunum flytur Dómkórinn Alþingishátíðarkantötu Páls Ísólfssonar og Hátíðarljóð eftir Emil Thoroddsen. Þessi verk voru valin í 1. og 2. sæti í samkeppni um tónverk til flutnings á Alþingishátíðinni 1930 í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis á Íslandi. Textann við kantöturnar gerði Davíð Stefánsson. Verkin verða flutt með Dómkórnum í Reykjavík, hljóm-sveit og einsöngvurum en í hljómsveitinni verða um 40 hljóðfæraleikarar. Stjórnandi er Kári Þormar.

### ***Umsækjandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur***

#### **„Á sunnudögum er töluð danska“**

Það hefur oft verið haft í flimtingum að landsmenn hafi talað dönsku á sunnudögum þegar landið laut danskri stjórn. En í dag má finna leifar af áhrifum danskrar tungu í íslensku máli. Dönsk áhrif mátti einnig finna í tísku, matargerð og skemmtanahaldi bæjarbúa. Í tilefni af fullveldisafmælinu er ráð fyrir því gert að tefla fram þeim dönsku áherslum sem finna mátti í bænum á því herrans ári 1918 og hvernig hugmyndir um fullveldi voru farnar að skjóta rótum á meðal bæjarbúa. Í Árbæjarsafni verður útbúin leikræn leiðsögn sem gestum er boðið að taka þátt í. Gestir fara um safnið og hitta fyrir í safnhúsum fulltrúa fullveldissinna sem og konungssinna. Persónurnar eru staddar í Reykjavík árið 1918 og leiða gesti um svæðið og segja frá íbúum þess, bæjarlífinu og því sem helst er að fréttu.

### ***Umsækjandi: Myndlistaskólinn í Reykjavík***

#### **Sjálftæði – Ísland, Danmörk, Litháen**

Verkefnið er unnið af hópi listamanna með þroskahömlun sem hefur um árabil unnið á vinnustofu fyrir listamenn með fötlun í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Í tengslum við samstarfsverkefni þriggja landa, Íslands, Danmerkur og Litháens þar sem listamennirnir rannsaka hugtökin fullveldi og sjálftæði frá ýmsum hliðum landa verður sett upp sýning á verkum nemendanna.

## **100 þús. kr. styrkvilyrði hljóta þrjú verkefni**

### ***Umsækjandi: Minjasafnið á Akureyri***

#### **Fullveldi á hlaðinu**

Halda á fullveldisdaga í Laufási við Eyjafjörð. Bærinn er 19. aldar torfbær sem er búinn húsbúnaði og áhöldum sem tengjast starfi í bænum fram á 3. áratug 20. aldar. Á hlaðinu fyrir framan Gamla bæinn í Laufási verða settar á svið þrjár sýningar í einkar viðeigandi umhverfi: Fenginn verður glímuflokkur til að sýna þessa gömlu þjóðaríþrótt sem á undir högg að sækja. Þjóðdansafélagið Vefarinn verður með sýningu á þjóðdönsum undir harmonikuleik. Laufáshópur þjóðháttafélagsins Handraðans verður fenginn til að sýna þjóðbúninga og handverkið við gerð þeirra. Dagskráin er gerð með það fyrir augum að höfða til Íslendinga sem eru aðeins 10% gesta í Laufási og vekja athygli og áhuga ungra sem fullorðinna á menningararfinum.

### ***Umsækjandi: Varmahlíðarskóli***

#### **Fullveldi – frelsi – lýðræði – hvað er nú það?**

Helstu markmið með verkefninu eru að: - efla vitund nemenda á hugtökunum fullveldi, frelsi og lýðræði; - nemendur átti sig á hlutverki sínu sem meðlimir í fullvalda samfélagi og þjálfist í lýðræðislegri hugsun og vinnubrögðum; - nemendur fræðist um margvíslegar gerðir stjórnarfarar í heiminum; - nemendur fái innsýn í hvernig lífið var á Íslandi fyrir og eftir fullveldi. Áhersla verkefnis er tvíþætt: fullveldið Ísland og umheimurinn, nemandinn og samfélagið. Nemendur vinna ýmis verkefni, haldin verður afmælishátíð fullveldis Íslands þar sem nemendur kynna verkefni og stýra málþingi um viðfangsefnið. Samstarf er við eldri borgara og foreldra.

### ***Umsækjandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur***

#### **Fullveldiskaffi á Árbæjarsafni**

Gestum Árbæjarsafns verður boðið upp á kaffi og kruðerí í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands laugardaginn 1. desember. Í kjölfar kaffiboðsins verður farið með gamanmál sem mun hafa tengingu við samband Íslands og Danmerkur og sögunnar minnst með gamansömum hætti. Ari Eldjárn hefur gefið vilyrði fyrir því að vera með uppistandið en hann er líklegur til þess að draga að nýja hópa og krydda frásögnina á eftirminnilegan hátt.



## **Verkefni sem afmælisnefnd eru falin samkvæmt þingsályktun**

### **Árnastofnun í samvinnu við afmælisnefnd**

#### **Sýning í Listasafni Íslands**

Sett verður upp sýning í samvinnu við Árnastofnun á helstu handritum safnsins til að minna á grundvöll íslenskrar menningar og forsendur sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar. Markmið og efni sýningarinnar er að minnast 100 ára fullveldis með því í fyrsta lagi að fjalla um aðdraganda fullveldis og forsendur þess og í öðru lagi að rekja meginatburði í 100 sögu fullveldisins og draga fram lykilatriði í samfélagsþróuninni. Þetta verður gert með því sýna mikilvæg handrit, skjöl, listaverk og annað efni sem sýnir þessa sögu beinlínis eða tengist með skýrum hætti. Saga þjóðar, menningar, tungu, sjálfstæðisbaráttu, samfélagsþróunar og sjálfsmyndar til okkar daga verði sögð. Sýningin verður í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg. Ráðgert er að sýningin byggi í meginatriðum á safnkosti Stofnunar Árna Magnússonar, Þjóðskjalasafns Íslands og Listasafns Íslands.

#### **Saga forlag**

##### **Útgáfa á Íslendingasögum**

Í nýrri útgáfu af Íslendingasögnum er allur texti yfirfarinn og uppfærður með nútímastafsetningu. Allar sögur og þættir verða orðskýrð. Vísnaðskýringar eru yfirfarnar og settar við hlið hvernar vísu. Gerðar verða skýringarmyndir og landakort þar sem m.a. verður merkt inn sögusvið viðkomandi sagna, einnig nafnaskrá, teikningar af húsakosti og skipum sem landnámsmenn sigldu á, allt miðað við nýjustu rannsóknir. Í ritinu verður atriðaaorðaskrá og birtar verða stuttar samantektir við hverja sögu til að auðvelda lesandanum að fá yfirsýn yfir efni sögunnar. Ritstjórar verksins eru Örnólfur Thorsson, Bragi Halldórsson, Sverrir Tómasson og Jón Torfason. Útgáfustjóri Sögu forlags er Gísli Sigurðsson, rannsóknarprófessor við Árnastofnun, og er hann verkefnastjóri útgáfunnar. Auk þeirra vinna að verkinu Aðalsteinn Eyþórsson og Bergljót Kristjánsdóttir.

#### **Sögufélag**

##### **Útgáfa á tveim ritum**

Fullveldi handa byrjendum er bráðabirgðatitill á bók sem fjallar um fullveldi Íslendinga og er rituð af Gunnari Þór Bjarnasyni sagnfræðingi. Hugmyndin er að bókina verði ríkulega myndskreytt og lifandi frásögn, með tilvísunum og skráum. Hún er skrifuð með það að leiðarljósi að flétta saman vekjandi frásögn og fræðilegar niðurstöður, henni er í senn ætlað að fullnægja kröfum um fræðileg vinnubrögð og höfða til almennings.

Fullveldisréttur í hugsjón og reynd er vinnuheiti á riti um inntak fullveldisréttar. Bókin er safn ritgerða og er áformað að hún komi út á seinni hluta ársins 2018. Ritstjórn er skipuð sagnfræðiprófessorunum Guðmundi Hálfðanarsyni og Guðmundi Jónssyni við Háskóla Íslands, Ragnhildi Helgadóttur, prófessor í lögum við Háskólann í Reykjavík, og Þorsteini Magnússyni, aðstoðarskrifstofustjóra á skrifstofu Alþingis. Markmiðið með bókinni er að gefa glögga mynd af inntaki og iðkun fullveldisréttarins frá því að Ísland varð fullvalda ríki og fram til okkar daga. Fullveldi hefur haft mikla þýðingu í íslenskum stjórnmálum og er samofið baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæði.